



Að losna út úr geimskel



Þegar sprengja springur í kvikmyndum, kastast hetjurnar og ópökkarnir burt frá sprengingunni vegna öflugrar höggbylgju sem fylgir henni. Þegar stjarna springur í geimnum verður líka til höggbylgja en í stað kvikmyndastjarna, kastast gas og ryk út á við.

Áður en stjörnur springa varpa þær frá sér ytri lögum sínum sem eru úr gasi og ryki. Þegar stjarnan síðan springur gleypa þessar gas- og rykskeljar höggbylgjuna sem svo aftur hitna gríðarlega. Þá verður til röntgengeislun sem stjörnufræðingar geta ljósmyndað með sérstökum geimsjónaukum og sjá má á nýju myndinni hér að ofan.

Stjörnufræðingar tóku tvær myndir af þessu glóandi gas- og rykskíi með eins árs millibili. Þegar stjörnufræðingarnir bera ljósmyndirnar saman telja þeir sig sjá að höggbylgjan sé að losna úr skýinu. Þetta er í fyrsta sinn sem við sjáum höggbylgju losna úr gas- og rykhjúpi í röntgenljósi.

COOL FACT

Höggbylgjan frá sprengistjörnunni hefur hitað gasið á myndinni upp í 100.000.000°C!



More information about EU-UNAWA
Space Scoop: www.eu-unawe.org/kids/